

12. mars 2025

Hæstvirtu ráðherrar, alþingismenn og aðrir góðir gestir.

Mér er það mikill heiður, fyrir hönd Matvælaráðherra og Hafrannsóknastofnunar, að bjóða ykkur öllum hingað í Fornubúðir til að fagna heimkomu nýs hafrannsóknaskips, Þórunnar Þórðardóttur. Heimsiglingin tók heldur lengri tíma en til stóð í upphafi en kannski voru það örlögin sem gripu inni og réðu því að hún kæmi í heimahöfn á alþjóðlegum baráttudegi kvenna sl laugardag.

Sá áfangi sem við erum að fagna hér í dag er langþráður en það eru 20 ár frá því að hafist var handa við að meta þarfir Hafrannsóknastofnunar varðandi nýtt skip sem taka skildi við af rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni. Það liðu nokkur ár þar til að raunverulegur skriður komst á verkefnið en árið 2018 var samþykkt á hátíðarfundum Alþingis á Þingvöllum, í tilefni af 100 ára fullveldisafmælis Íslands, að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að koma því til leiðar að hafin yrði smíði hafrannsóknaskips með framlagi af fjárlögum.

Í kjölfar þingsályktunarinnar skipaði Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þriggja manna smíðanefnd til að hafa umsjón með verkefninu og í nefndinni sátu Sigurður Guðjónsson þáverandi forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Friðrik Jón Arngrímsson lögfræðingur og Sigrún Ragna Ólafsdóttir löggiltur endurskoðandi.

Verkfræðistofan Skipasýn leiddi hönnunarvinnuna og hefur jafnframt fylgt okkur alla leið með verkefnið en Skipasýn með Sævar Birgisson í forustu hannaði einnig rannsóknaskipið Árna Friðriksson sem kom til landsins árið 2000 og höfum við því góða reynslu af samstarfinu við þá.

Í ársbyrjun 2021 var hönnun skipsins á lokastigum og þá var sett formlegt útboð af stað undir forustu Ríkiskaupa. Eftir margra mánaða vinnu við forval og samningaviðræður var tilboð spænsku skipasmíðastöðvarinnar ARMON metið hagstæðast og því ákveðið að ganga að því og var samningur undirritaður í lok mars 2022. Þess má geta að skipasmíðastöðin er leiðandi í smíði rannsóknaskipa og hafa m.a. afhent 3 rannsóknaskip á síðustu 2 árum til Nýja Sjálands, Írlands og Spánar auk þess sem þeir eru nú að smíða skip fyrir Azor eyjar og Hollendinga.

Í framhaldi af undirritun samningsins skipaði ráðherra nýja nefnd sem fékk það verkefni að fylgja verkefninu eftir og í þeirri nefnd eru þau Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir, skrifstofustjóri í matvælaráðuneytinu sem er formaður, Agnar Bragi Bragason lögfræðingur í matvælaráðuneytinu og sá er hér stendur.

Hefur nefndin unnið þétt með Skipasýn og einnig Sverri Péturssyni sem hefur haft yfirumsjón með eftirliti með framkvæmdum á Spáni frá því að smíðin hófst. Auk framangreindra hafa fjölmargir starfsmenn Hafrannsóknastofnunar komið að ýmsum þáttum smíðinnar, hver á sínu sérsviði og er þeim öllum þakkað fyrir sitt góða starf og framlag. Með þessari samvinnu hönnuða og framtíðar notenda teljum við okkur hafa skip sem mun nýtast okkur einkar vel til þeirra rannsókna sem við sinnum og eins nýjum verkefnum sem brýnt er að sinna. Þá er allur aðbúnaður áhafnar og rannsóknafólks eins og best verður á kosið og mikil breyting frá hinu aldna skipi Bjarna Sæmundssyni sem þjónað hefur okkur í hartnær 55 ár og er nú á förum til Noregs þar sem hann mun sinna nýju hlutverki.

Skipið var sjósett í Vigo þann 12 janúar í fyrra og fékk þá nafnið Þórunn Þórðardóttir HF-300. Konan sem skipið er nefnt eftir, Þórunn Þórðardóttir (1925-2007) var fyrsta íslenska konan með var sérfræðimenntuð í hafrannsóknum og var m.a. frumkvöðull í rannsóknum á frumframleiðni smápörunga í hafinu við Ísland. Þórunn var fædd árið 1925 en kom til starfa á Hafrannsóknastofnun eftir sitt framhaldsnám árið 1956 og starfaði alla starfsævina hjá stofnuninni. Hún lést árið 2007. Hér í dag eru meðal gesta Einar, sonur Þórunnar auk þriggja barnabarna hennar.

Þórunn Þórðardóttir er fullkomið rannsóknaskip. Hún er 70 m löng og ríflega 13 m breið. Við hönnun skipsins var áhersla lögð á að skipið yrði eins umhverfisvænt og sparneytið og unnt er, en um er að ræða tvíorkuskip með rafknúnni skrófu. Megin orkugjafi er olía en einnig eru stórar rafhlöður um borð sem stuðla að betri orkunýtingu. Hún er bæði vel búin til fiskirannsókna, sjórannsókna, m.a. á súrnun sjávar en einnig til rannsókna á búsvæðum og viðkvæmum vistkerfum sem mikilvægt er að efla rannsóknir á. Þá er hún einstaklega hljóðlát og stenst ýtrustu kröfur vísindamanna þar um.

Hér verður ekki farið í að telja upp öll þau tæki og nýjungar sem finna má í skipinu. Mig langar hins vegar að upplýsa ykkur um helstu magntölur: Skrokkurinn og burðarvirkið er 1000 tonn af stáli og áli, það eru 50 tonn af krönum, 70 tonn af spilbúnaði, 200 tonn af vélum, mótorum og öðrum rafbúnaði, 150 tonn af íbúðum, gluggum og tréverki, 130 tonn af rörum af ýmsu tagi, 60 tonn af köplum eða 130 km, 40 tonn af rafhlöðum og svo mætti lengi telja. Til að gera svo allt fínt eru um 50 tonn af málningu. Samtals eru þetta því um 1900 tonn af allskonar.

Með því að setja þessar magntölur saman með þeim hætti sem gert hefur verið í Þórunni erum við að fá skip sem fullnægir þörfum okkar til nútíma hafrannsóknar og mun stuðla að aukinni þekkingu á vistkerfum hafsins næstu áratugin.

Að hanna, fjármagna og byggja rannsóknaskip er tímafrekt ferli eins og fram hefur komið. Nú, þegar við fögnum heimkomu Þórunnar þá vil ég nota tækifærið og minna á að stærra rannsóknaskip okkar Árni Friðriksson fagnar 25 ára afmæli á vordögum og því orðið tímabært að fara að huga að endurnýjun hans.

Mig langar að lokum að óska okkur öllum til hamingju með daginn, þetta er ekki bara langþráður dagur fyrir starfsfólk Hafrannsóknastofnunar, þetta er líka stór dagur fyrir þjóð sem á svo mikið undir sjálfbærni auðlinda hafsins sem ekki verður tryggð nema með auknum skilningi á vistkerfum þess. Til hamingju við öll með þetta glæsilega skip.

Þorsteinn Sigurðsson forstjóri Hafrannsóknastofnunar.

